

**M-90/2016. Álit 19. maí 2017.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 19. maí 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-90/2016.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 17. október 2016 bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna gleraugnakaupa af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi gerir ekki kröfur á hendur seljanda heldur óskar eftir álitu kæruneftndarinnar um það hvort að verð það sem álitsbeiðanda var gert að greiða sé við hæfi og í samræmi við almenna verðlagningu gleraugnasala.

### **II**

#### **Niðurstæða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar eftir lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum. Valdsvið kæruneftndarinnar nær því ekki til að gefa álit á ágreiningi sem ekki fellur undir framangreind lög.

Sá ágreiningur sem uppi er á milli aðila lýtur að verðlagningu á söluhlut og hefur álitsbeiðandi ekki uppi kröfur á hendur seljanda heldur óskar álits kæruneftndar á því hvort að verð það sem álitsbeiðanda var gert að greiða sé við hæfi og í samræmi við almenna verðlagningu gleraugnasala.

Í 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa er fjallað um álitsbeiðnir til nefndarinnar. Þar kemur m.a. fram að í álitsbeiðni skuli gerð grein fyrir þeim kröfum er álitsbeiðandi gerir á hendur gagnaðila. Af framansögðu er ljóst að umrætt skilyrði er ekki uppfyllt og því getur kæruneftndin ekki gefið álit sitt á ágreiningnum.

Niðurstæða kæruneftndarinnar er því sú að samkvæmt framansögðu og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa beri að vísa beiðni álitsbeiðenda frá nefndinni.

Kæruneftndin vekur jafnframt athygli á því að í lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er m.a. fjallað um verðmerkingar og hefur reglugerð nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum verið sett á grundvelli þeirra laga. Fer Neytendastofa með eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þeirra laga.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu frá janúar og fram í apríl 2017 var kæruneftndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð.

### **III**

## Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður